



Minnisblöð frá desember 1948

---

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

*Utanríkismál. Minnisblöð og minnispunktar Bjarna Benediktssonar 1947-1960:*

*Bréfa- og málafn 1948*

Askja 2-10, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Algent bréið mál.

Laugardaginn 11. desember 1948 kom sendiherra Bandaríkjana, Mr. Butrick, á skrifstofu mína samkvæmt beiðni minni. Sagði ég honum þá í framhaldi af umsögn hans um Atlantshafs-bandalagið 7. desember, að þó að íslenska stjórnin gæti auðvitað ekkert sagt um endanlega afstöðu sína til þess máls fyrr en fullkomlega vitað væri um hvað væri að ræða, þá vildi ég nú þegar taka fram af stjórnarinnar hálfu, að hún óskaði eftir, að áður en Íslandi væri opinberlega og formlega boðin þátttaka í bandalagi þessu, væri haft samráð við íslensku stjórnina, svo að henni gæfist kostur á að átta sig á málinu og eftir atvikum hafa áhrif á það áður en það lægi opinberlega fyrir. Væri ljóst að afstaða hinna Norðurlandanna, og þá einkum Noregs, en einnig Danmerkur, mundi hafa, eða geta haft, veruleg áhrif á afstöðu manna hér til málsins.

Mr. Butrick lofaði að koma umsögn minni á leiðis hið fyrsta.

*Þorgerður*

# Algera trúnaðarmál.

Þriðjudaginn 7. desember 1948 kom Mr. Butrick, sendiherra Bandaríkjanna, á skrifstofu mína, samkv. beiðni sinni.

Meðal annars skýrði hann frá framhaldi af almennum umræðum okkar áður, að stjórn Bandaríkjanna hefði sagt sér í algerum trúnaði, en samt heimilað sér að segja mér, að ráðgert væri að leita til Íslands meðal fyrstu ríkja um bátttöku í Norður-Atlantshafsbandalagi, þegar umræðum milli þeirra aðila, sem nú eiga í umræðum um þessi mál, væri svo langt komið að hlýða þætti að snúa sér til fleiri. Ræddum við síðan nokkuð um málið, einkallega hverjar líkur væru til að málið fengi samilegar undirtektir hér á landi,

